

Erfðaréttur



LAGAHEIMILDIR
ERFÐALÖG NR.6/1962
LÖGERFÐAREGLUR
1.ERFÐ/MAKI/BÖRN
2.ERFÐ/
3.ERFÐ
BRÉFARFUR/ERFÐASKRÁ

Lögarfur



- Arfur sem byggist einvörðungu á lögbundnum reglum um lögerfðir, en lögerfðir grundvallast eftir atvikum á
 - A. Frændsemi
 - B. Hjúskap
 - C. Ættleiðingu , auk þess sem til greina kemur erfðaréttur erfðafjárjóðs þegar sérstaklega stendur á.

Erfðamál



- **Yfirlit. Efnistöð**
- Dánarbú
- Erfðaréttur, erfðaskrá og skipti
- Erfðafjárskattur, eignir og skuldir
- **Við andlát þarf að skipta dánarbúi samkvæmt lögum. Dánarbú er lögaðili sem tekur við fjárhagslegum skyldum og réttindum sem bundin eru við persónu hins látna.**

Dánarbúi



- Erfingjum ber að hlutast til um skiptingu dánarbús innan fjögurra mánaða frá andláti. Fjórar leiðir koma til greina:
 - Að dánarbúið sé eignalaust eða eignir dugi aðeins fyrir útfararkostnaði.
 - Maki fær leyfi til setu í óskiptu búi.
 - Dánarbúi er skipt einkaskiptum.
 - Opinber skipti fara fram á dánarbúi.
- Ef erfingjar sinna ekki skyldu sinni um skiptingu bús á sýslumaður samkvæmt lögum að hvetja þá til að hefjast handa. Sýslumaður getur krafist

Dánarbú frh.



- opinberra skipta á dánarbúinu.
Sýslumaður sem dánarbússkiptin heyra undir hefur einn ráðstöfunarrétt og svarar fyrir skyldur búsins þar til:
- skiptum er lokið vegna eignaleysis hins látna,
- eftirlifandi maki fær leyfi til að sitja í óskiptu búi,
- erfingar fá leyfi til einkaskipta,
- dánarbúið er tekið til opinberra skipta.
- Erfingjar mega ekki gera neinar ráðstafanir um hagsmuni dánarbúsins nema þeir hafi áður fengið leyfi sýslumanns til einkaskipta. Maki sem hefur leyfi til setu í óskiptu búi ræður þó einn yfir búinu.
- Framtalsskylda dánarbús hvílir á erfingjum.

Erfðaréttur, erfðaskrá og skipti



- Erfðaréttur byggist á frændsemi, ættleiðingu, hjúskap og erfðaskrá hins látna. Eignir hins látna renna til ríkissjóðs ef engir erfingjar eru til staðar.
- Milli sambúðarfólks er ekki gagnkvæmur lögbundinn erfðaréttur. Sambúðarfólk getur arfleitt hvort annað með erfðaskrá.
- Erfðaskrá er skriflegur, formbundinn löggerningur sem hver sá sem er andlega heill, orðinn 18 ára eða hefur stofnað til hjúskapar getur gert til að ráðstafa eignum sínum eftir andlát.

Erfðaréttur, erfðaskrá og skipti



- Strangar reglur gilda um form erfðaskráa og um hvernig á að standa að vottun þeirra. Erfðaskrá kann að vera metin ógild ef ekki er eftir þeim reglum farið. Hægt er að breyta erfðaskrá eða auka við hana en við breytinguna verður að fylgja sömu reglum.
- Ef fleiri en ein erfðaskrá eru til staðar og allar teljast gildar samkvæmt lögum er það sú yngsta sem fara skal eftir, ef þær stangast á.

Erfðaréttur, erfðaskrá og skipti



- Þeir sem eiga maka, börn eða aðra niðja á lífi geta aðeins ráðstafað einum þriðja hluta eigna sinna með erfðaskrá. Tveir þriðju hlutar skulu ganga til skylduerfingja. Eigi maður ekki skylduerfingja, það er maka eða niðja á lífi getur sá hinn sami ráðstafað öllum eignum sínum með erfðaskrá.
- Fyrirframgreiddur arfur er arfur sem maður á lífi greiðir erfingja sínum. Gangna þarf frá honum með formlegum hætti og greiða erfðafjárskatt.
- Sá sem á arf í vændum getur afsalað sér honum og bindur afsalið einnig niðja hans nema annað sé tekið fram.

Lögerfingjar



- Lögerfingjar eru þeir sem erfa hinn látna ef engin erfðaskrá hefur verið gerð. Þeir eru:
 - Börn hins látna og aðrir niðjar.
 - Foreldrar hins látna og systkin.
 - Föðurforeldrar og móðurforeldrar hins látna og börn þeirra.
 - Maki hins látna.

Erfðaréttur, erfðaskrá og skipti



- Skylduerfingjar eru aðeins maki og niðjar hins látna, ekki aðrir lögerfingjar.
- Kjörbörn taka arf á sama hátt og kynbörn. Fósturbörn og stjúpbörn hafa ekki lögerfðarétt eftir fósturforeldri eða stjúpforeldri.
- Bréferfingjar eru þeir sem taka arf samkvæmt erfðaskrá eða dánargjöf.
- Eftirlifandi maki þarf ekki að leita eftir samþykki sameiginlegra afkomenda sinna og hins látna til að sitja í óskiptu búi.

Óskipt bú og sameiginleg erfðaskrá



- Ef hinn látni átti börn/niðja sem eru ekki börn/niðjar eftirlifandi maka, þarf samþykki þeirra til setu í óskiptu bú. Hjón geta gert erfðaskrá sem breytir þessu. (Ath. Óþarfi ef bara sameiginlegir)
- Maki sem situr í óskiptu bú ræður yfir búinu og ber einnig persónulega ábyrgð á skuldum hins látna.
- Eftirlifandi sambýlingur getur ekki setið í óskiptu bú.
- Erfingjar verða ekki sjálfkrafa ábyrgir fyrir skuldum hins látna.

Erfðaréttur, erfðaskrá og skipti



- Erfingjar sem eru sammála um hvernig búi skuli skipt og vilja taka á sig persónulega ábyrgð á skuldum hins látna geta skipt búi einkaskiptum. Sótt er um leyfi til einkaskipta hjá sýslumönnum.
- Ef erfingjar eru sammála um hvernig búi skuli skipt og hverjir erfa hinn látna, fara fram einkaskipti. Sótt er um leyfi til einkaskipta hjá sýslumönnum.
- Sýslumaður getur krafist opinberra skipta, meðal annars ef erfingjar hafa ekki orðið við áskorun hans að hefjast handa við skiptin. Þá getur hver og einn af erfingjum einnig krafist opinberra skipta meðal annars ef erfingjar eru ekki sammála um skiptin.

Erfðafjárskattur, eignir og skuldir



- Eftirlifandi maki eða sambýlingur sem tekur arf samkvæmt erfðaskrá greiðir ekki erfðafjárskatt. Hins vegar greiða aðrir erfingjar erfðafjárskatt af því sem þeir fá í arf og verða þeir að fylla út [erfðafjárskýrslu \(pdf, 320 kb\)](#).
- Eftir að [erfðafjárskattur](#) hefur verið greiddur geta erfingjar fengið áritun sýslumanns á skjöl sem þarf til að skrá eignir hins látna á þeirra nöfn.

Erfðafjárskattur/gjaldstofnar



- Þegar eignir hins látna eru metnar vegna erfðafjárskatts skal miða við markaðsvirði þeirra á dánardegi. Fasteignir skulu taldar til eignar á fasteignamatsverði eins og það var skráð hjá Fasteignamati ríkisins á dánardegi. Ef markaðsverðmæti fasteignar er talið lægra geta erfingjar óskað eftir nýju mati.
- Verðbréf skráð á verðbréfamarkaði skulu teljast til eignar á kaupgengi eins og það var skráð við síðustu lokun markaðar fyrir andlát.

Erfðafjárskattur/gjaldstofnar



- Ef hlutbréf í félagi eru ekki skráð á verðbréfamarkaði skal miða við gangverð þeirra í viðskiptum, annars bókfært verð samkvæmt síðasta endurskoðaða ársfjórðungi eða árshlutareikningi félagsins Skuldir hins látna, þar með talið væntanleg opinber gjöld koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður. Einnig útfararkostnaður og nauðsynlegur kostnaður við búskiptin.

Lífeyrir maka/skattafsláttur



- Eftirlifandi maki eða sambýlingur og börn innan 18 ára aldurs geta, að uppfylltum vissum skilyrðum, átt rétt á bótum og lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og stéttarfélögum eða tryggingarfé frá tryggingafélögum. Eftirlifendur verða sjálfir að hafa frumkvæði að því að sækja um slíkt.
- Eftirlifandi maki eða sambýlingur getur sótt um niðurfellingu eða lækkun á ýmsum sköttum og gjöldum hjá ríkisskattstjóra, skattstjórum viðkomandi umdæmis og heimasveitafélagi.

Nauðsynlegt að geyma öll gögn



- Ýmis konar vottorð og gögn þurfa að fylgja öllum umsóknum og því mikilvægt að taka ljósrit af öllum opinberum pappírnum.
- Sjálfsagt er og jafnvel nauðsynlegt að leita eftir aðstoð sérfróðra þegar gengið er frá erfðaskrá og skiptingu dánarbúa.

Bréfarfur



- Arfur þegar arfstilkall erfingja byggist á viljayfirlýsingu arfleifanda.
- Erfðaskrá: Einhliða formbunin, persónubundin og afturtækur (afturkallanlegur) löggerningur sem hefur að geyma fyrirmæli um það hvernig eftirlátnum eignum skuli ráðstafað eftir lát arfleifanda.
- Dánargjafir.
- Dánarbeðsgjafir.

Dánarbússkipti



- Skipti á dánarbúi. Markmiðið með dánarbússkiptum er að ráðstafa eignum látins manns til efnda á skuldbindingum hans og eftir atvikum til erfingja hans.
- Tvær aðferðir við dánarbússkipti: Einkaskipti og opinber skipti.
- Búsetuleyfi og reglur þar um.

Hvenær má ráðstafa með erfðaskrá



- Þegar maki eða niðjar eru á lífi má aðeins ráðstafa 1/3 eigna með erfðaskrá. 1. erfð.
- Ella má ráðstafa öllum eignum með erfðaskrá.
- Sjá bls. 106 í erfðarétti Páls Sigurðssonar. Erfð stoppar við fyrsta afkomanda afa og ömmu arfláta. Eftir það fellur arfur til erfðafjársjóðs ef aðeins nýtur firnari ættingja en móður eða föðursystkina. Þannig er öruggast að gera erfðaskrá þegar svo stendur á til að koma í veg fyrir að ríkið hirði allan arf.

Sameiginlegar gagnkvæmar erfðaskrár



- Nú eru svo kallaðar sameiginlegar gagnkvæmar erfðaskrár óþarfar hjá hjónum sem aðeins eiga sameigninlega niðja þar sem einföld yfirlýsing langlífari maka dugar til að fá leyfi til setu í óskiptu búi.
- Ef um er að ræða í hjúskap niðja skammlífari maka er tryggara að gera sameiginlega gagnkvæma erfðaskrá ef hjón vilja tryggja rétt til setu í óskiptu búi.
- Þakka gott hljóð. Spurningar.